

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Flókagata, Munaðarnesi. Deiliskipulag.

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir Flókagötu í landi Munaðarness, á fundi sínum 10. október 2023. Deiliskipulagið tekur til 12 frístundalóða við Flókagötu norðan við hringveginn í landi Munaðarness. Afmörkun deiliskipulags 4. áfanga fyrir Selás frá árinu 1997 var breytt til samræmis við afmörkun nýs deiliskipulags og hefur sú breyting þegar öðlast gildi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 6. nóvember 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Þóra Margrét Júlíusdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 20. nóvember 2023